



STJÓRN SSH 458. fundur

Mánudaginn 4. júní 2018, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi

Fundinn sátu: Ásgerður Halldórsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Sigurður Björn Blöndal, Haraldur Sverrisson, og Guðný Ívarsdóttir.

Fjarverandi: Ármann Kr. Ólafsson, Gunnar Einarsson og Haraldur Líndal Haraldsson
Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH sat fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Málefni SORPU bs. – samningaviðræður milli SORPU og SOS /málsnr. 1711001

Fundinn sátu undir þessum dagskrárlið Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri SORPU bs. og Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri.

Farið var yfir stöðu í viðræðum fulltrúa SORPU bs. og Sorpstöðvar Suðurlands vegna mögulegs sameiginlegs urðunarstaðar á suðurlandi. Ennfremur var rætt um stöðu urðunar í Álfsnesi í ljósi þess að núverandi starfsleyfi rennur út á þessu ári.

2. Sameiginleg vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu. /málsnr. 1505001

Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri kynnti samkomulag vatnveitna á höfuðborgarsvæðinu um viðhald og rekstur rennslílkans vegna vatnsverndar og vatnsnýtingar.

3. Yfirferð vegna skipunar í stjórnir byggðasamlaganna að afloknum sveitarstjórnarkosningum 2018

Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit yfir skiptingu formennsku og varaformennsku í byggðasamlögunum á liðnu kjörtímabili.

Umræður

Niðurtaða:

Framkvæmdastjóra falið að taka saman yfirlit yfir skipan formennsku og varaformennsku frá árinu 2010 til dagsins í dag.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:30